

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

4. bekkur

Skólinn leggur áherslu á byrjendalæsi í 1. - 4. bekk

Íslenska	3
Megináherslur: Lestur og skrift, 80-145 orð á mínútu.	3
Læsisstefna: Heimalestur upphátt 5x í viku og 3-5x í viku í skólanum.	3
Stærðfræði	5
Megináherslur: Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling.	5
Stærðfræðistefna: Góður skilningur á tölunum 0-10.000, kunna 10x margföldunartöfluna utanbókar.	5
Samfélagsfræði	6
Megináherslur: Ísland	6
Náttúrufræði	8
Megináherslur: Maður og náttúra.	8
Enska	9
Megináherslur: Einfaldur orðaforði og fyrirmæli	9
Upplýsinga- og tæknimennt	10
Megináherslur: Fingrasetning og ritvinnsla	10
Skólaíþróttir	11
Megináherslur: Fjölbreyttar íþróttir og sund	11
Myndmennt	12
Megináherslur: Teikna, lita og mála.	12
Smíði	13
Megináherslur: Búnir til einfaldir hlutir	13
Heimilisfræði	14
Megináherslur: Matreiðsla, næringarefnin, hreinlæti og hollusta	14
Textílmennt	15
Megináherslur: Búnir til einfaldir hlutir	15
Tónmennt	16
Megináherslur: Söngur og taktur.	16
Dans	17
Megináherslur: Örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska	17
	1

Grunnskóli Húnaþings vestra - 4. bekkur

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Umsjón og lífsleikni

18

Megináherslur: Bekkjarfundir

18

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Íslenska

Megináherslur: Lestur og skrift, 80-145 orð á mínútu.

Læsisstefna: Heimalestur upphátt 5x í viku og 3-5x í viku í skólanum.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr, beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi, skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða, greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta, gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

Helstu námsbækur og gögn:

Loftur og gullfuglarnir, lesbók og vinnubók.

Gömul samræmd próf.

Lestrarbækur við hæfi hvers og eins, lestur helst daglega.

Sprelligosar, lesbók og vinnubók.

Skriftaræfingar.

Ljósrit úr Skinnu I.

Ljósrituð aukaverkefni.

Grunnskóli Húnaþings vestra - 4. bekkur

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Námsmat:

Lesfimiþróf í september. Orðarún – lesskilningsþróf í nóvember. Stafsetning í desember.

Samræmt þróf í september.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Stærðfræði

Megináherslur: Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling.

Stærðfræðistefna: Góður skilningur á tölunum 0-10.000, kunna 10x margföldunartöfluna utanbókar.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál, notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.
- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu, áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn, talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

Helstu námsbækur og gögn: Sproti 4a, nemendabók og æfingahefti. Vasareiknir.

Gömul samræmd próf til undirbúnings fyrir samræmdu prófin í september.

Námsmat:

Próf úr nemendabók. Samræmt próf í september.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Samfélagsfræði

Megináherslur: Ísland

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Þekki til gamalgróinna atvinnuvega landsmanna og viti hvernig þeir hafa þróast í stórum dráttum og samfélagið breyst með þeim.
- Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.
- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.
- Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu.
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.

Hugarheimur- Sjálfsmynd:

- Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. Bent á gildi jákvæðra viðhorfa. Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim. Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.

Félagsheimur - Samskipti:

- Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. fái þjálfun í að setja sig inn í aðstæður fólks áður fyrr, ekki síst jafnaldra sinna. Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir. Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. viti að til eru mismunandi menningarsvæði í heiminum þar sem ríkja ólíkir siðir og venjur og að Ísland er eitt þeirra.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.

Helstu námsbækur og gögn:

Komdu og skoðaðu land og þjóð.

Komdu og skoðaðu landnámið

Ísland áður fyrr: Störfin Heimilið

Menntun til munns og handa

Ýtarefni frá kennara.

Námsmat:

Verkefnavinna í tímum, jafningjamat, sjálfsmat, sjálfstæði í vinnubrögðum og hópvinna.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Náttúrufræði

Megináherslur: Maður og náttúra.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.
- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.
- Greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi.
- Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda.

Helstu námsbækur og gögn:

Komdu og skoðaðu hringrásir. Komdu og skoðaðu tæknina. Komdu og skoðaðu himingeiminn

Námsmat:

Vinna í tímum og verkefni metin til einkunna/umsagnar.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Enska

Megináherslur: Einfaldur orðaforði og fyrirmæli

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Fara eftir einföldum fyrirmælum á ensku að heilsa segja hvað við heitum og hvar við eigum heima. að læra um litina, tölustafina, gæludýr, fjölskylduheiti, heiti yfir hluti í skólastofunni, hátíðir, halloween, jól.

Helstu námsbækur:

Adventure Island, Bookless beginner, Bom from BommylandStory line, Hickory, Jack and the beanstalk, Rainbow fish, Seasons úr Connect.

Námsmat:

Leiðsagnamat. Umsögn í lok. Vinnusemi og áhugi.

Upplýsinga- og tæknimennt

Megináherslur: Fingrasetning og ritvinnsla

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði. Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn. Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Unnið með heimildir. Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni.
- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

Helstu námsbækur og gögn:

Tölvur og tölvuforrit

Forrit á internetinu

Ipad

Word / Docs

Námsmat:

Nemandi verður metinn eftir frammistöðu, virkni og hegðun í kennslustundum. Nemandi verður metinn eftir færni í notkun tölvuforrita og lyklaborðs. Metið verður einnig eftir færni hans í notkun words. Gefið verður í formi leiðsagnamats þrisvar á ári og í formi bókstafs í lok skólaárs.

Skólaíþróttir

Megináherslur: Fjölbreyttar íþróttir og sund

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- Gert æfingar sem reyna á þol.
- Gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.
- Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.
- Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.
- Tekið þátt í stöðluðum prófum.
- Synt sporötök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.
- Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
- Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- Notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu.
- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.
- Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.

Námsmat:

Virgni og frammistaða í kennslustundum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Myndmennt

Megináherslur: Teikna, lita og mála.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Gengið frá eftir vinnu sína.
- Lagt mat á eigin verk.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnamat. Umsögn í lok annar. Vinnusemi og áhugi Umgengni og hvort farið er eftir fyrirmælum. Sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Smíði

Megináherslur: Búnir til einfaldir hlutir

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- Valið og notað verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Teiknað einfalda skissu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Lært helstu öryggisreglur og notkun hlífðarbúnaðar.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Umsögn í lok annar. Vinnusemi og áhugi. Umgengni og hvort farið er eftir fyrirmælum.

Heimilisfræði

Megináherslur: Matreiðsla, næringarefnin, hreinlæti og hollusta

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan. Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir. Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi. Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir. Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni. Skilið einfaldar umbúðamerkingar

Helstu námsbækur og gögn:

Heimilisfræði 4 (aðalbók) <https://mms.is/namsefni/heimilisfraedi-4-rafbok>

Hollt og gott 2 (aukabók)

Ýmist ítarefni af heimasíðum Menntamálastofnunar, Embætti landlæknis og Sorpu t.d. sögur, söngvar og leikir sem tengjast mataræði, tannhirðu og umhverfinu.

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig. Könnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni auk þess sem tekið er tillit til eftirfarandi þátta: virkni í tímum, umgengni, samvinnu og framkomu. Einkunn er gefin sem umsögn á viðtalsdögum auk bókstafs í lok skólaárs.

Textílmennt

Megináherslur: Vélsaumur og þrjón

Hæfniviðmið:

Handverk, aðferðir og tækn:

- notaðar einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum, unnið úr nokkrum gerðum textílefna. Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun, hönnun og útfærsla:

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu. Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni. Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.

Menning og umhverfi:

- Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. Sagt frá nokkrum tegundum textílefna. Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna. Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Námsmat

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins. Stuðst er við leiðsagnamat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðalega fram í samtölum nemanda og kennara. Kennari leiðbeinir nemanda á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemandanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Tónmennt

Megináherslur: Söngur og taktur.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.
- Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.
- Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna. ‘
- Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög).
- Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri.
- Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.

Helstu námsbækur og gögn:

„Það var lagið“, hljóðfræðiverkefni fyrir 1.-4. bekk.

Sönghefti (t.d. Skólasöngvar og Syngjum saman.)

Alls kyns slagsverkshljóðfæri.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda í söng og hljóðfæraleik, áhuga, færni þeirra til að tjá skoðanir sínar og hlusta á skoðanir annarra o.s.frv.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Dans

Megináherslur: Örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Dansað einföld hreyfimyndir og notað þau í paradönsum og barnadönsum.
- Tekið þátt í skapandi dansferli.
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi
- Samhæft hreyfingu og takt í tónlist

Helstu námsbækur og gögn:

Tónlist og sýnikennsla danskennara.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda. Einkunn gefinn í bókstöfum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Umsjón og lífsleikni

Megináherslur: Bekkjarfundir

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Áttað sig á sjálfum sér og öðrum
- Myndað hæfni til að þróa tengsl sín við aðra
- Fundið lausnir á árekstrum og vandamálum í félagslegu tilliti.

Helstu námsbækur og gögn:

Efni frá kennara og umræður. Ávallt er skrifuð fundargerð og hún birt á heimasíðu skólans.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda. Ekki er gefinn einkunn eða umsögn.